







## NEC símtæki, uppkast að leiðbeiningum

Hringja út:	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lyfta af, velja númer á hnappaborði, muna 0 ef hringja á út úr húsi.</li> <li>Velja númer beint á hnappaborð, hátalari verðu virkur, muna að nota 0.</li> </ul>
Svara:	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sími hringir, lyfta af og samband er komið á.</li> <li>Ef svara á með hátalara þá er stutt á [Speaker] hnappinn.</li> <li>Ef svara á með höfuðtóli er stutt á [Headset] hnappinn.</li> </ul>
Gefa samtal áfram:	<ul style="list-style-type: none"> <li>Til að gefa samtal áfram er stutt á [Transfer], viðkomandi númer valið og lagt á.</li> <li>Ef kynna á samtalið er beðið eftir að viðkomandi svari, samtal kynnt og lagt á.</li> <li>Ef hætta á við að gefa samtal er stutt á [Answer] hnappinn til að ná viðmælenda til baka.</li> </ul>

Höfuðtól	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þegar hringja á með höfuðtóli eða að svara með höfuðtóli er stutt á [Headset] hnappinn, (lyft af og lagt á).</li> <li>Athuga þarf að það er líka lagt á með hnappinum! (Lyft af og lagt á með [Headset] hnappi)</li> </ul> <p><i>Það er til önnur aðferð við að nota höfuðtól sem er (Headset mode 798), þá breytist virkni tækisins: alltaf þegar eitthvað er valið þá verður höfuðtólið virkt í stað hátalarans. Þetta er gott fyrir þá sem nota höfuðtólið mikið (hátalari verður óvirkur).</i></p>
Pickup	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þú heyrir síma hringja og styður á [Pickup] hnappinn til að ná samtalinu til þín. Einnig er hægt að velja [856] (Hnappur virkar innan skilgreindra hópa/deilda)</li> </ul>
Cfwd na	<p>Call forward no answer, ef setja á flutning eftir tíma:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stutt á hnappinn [Cfwd na], fylgjast með skjá, velja 1 Þá kemur NOT SET. Valið númerið sem flytja á í (muna 0 ef út úr húsi), styðja á [Speaker] til að ljúka aðgerð.</li> </ul> <p>DÆMI: [Cfwd na] [ 1] [05660066] [Speaker]</p> <p>Þegar aðgerð er virk logar ljós við [Cfwd na] hnappinn til áminningar</p> <p>Taka af: [Cfwd na] [ 0] [Speaker]</p>
Cfwd	<p>Call forward , ef setja á flutning:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stutt á hnappinn [Cfwd] fylgjast með skjá, velja 1. Þá kemur NOT SET, velja númerið sem flytjast á í (muna 0 ef út úr húsi), styðja á [Speaker] til að ljúka aðgerð.</li> </ul>

Cfwd	<p>DÆMI: [Cfwd] [ 1 ] [05660066] [Speaker] þegar aðgerð er virk logar ljós við [Cfwd] hnappinn til áminningar</p> <p>Taka af: [Cfwd] [ 0 ] [Speaker]</p>
DND	<p>Do Not Disturb, ónáðið ekki, símafriður.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stutt á hnappinn [DND], síðan á [3] (DND ALL kemur fram á skjánum og ljós logar við [DND] hnappinn.)</li> <li>• Taka af: Stutt á hnappinn [DND] síðan á [0]</li> </ul> <p><i>(Það eru til margar mismunandi gerðir af DND í símsstöðinni en þetta er sú aðgerð sem gagnast flestum.)</i></p>
Park	<p>Park, leggja samtali, geymsla.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stutt á hnappinn [Park] og samtali fer í geymslu.</li> <li>• Til að ná samtali aftur er stutt á [Park].</li> </ul> <p><i>Hugmyndin er að búa til geymslusvæði innan hverrar deildar þannig að ef stutt er á [Park] í einum síma blikkar Park hnappurinn hjá öllum innan þeirrar deilda og þá er hægt að ná samtalinu úr hvað síma sem er innan þessa hóps.</i></p>
<p>Skífuhnappur</p>  <p>(5 hnappar)</p>	 <p>Endurval, REDIAL Ef stutt er á [#] þá er valið síðast valda númer. Einnig má fletta í fleiri númerum með hnöppunum upp/niður á skífuhnappnum.</p>  <p>upp/niður</p> <p>Check List Ef stutt er á miðju á skífuhnappinn er hægt að skoða samtöl sem eru ósvörðuð. Stutt er tvisvar á miðju hnappsins og flett með upp/niður. Ef hringja á í númer á listanum er lyft af.</p>  <p>Aðgangur að símskrám símans.</p> <p>Upp/niður virkar á ýmsa vegu. Til að hækka og lækka, birta á skjá og með örðum aðgerðum þegar þarf að fletta eða stilla.</p> 

Stilla hringingar	Valið [820] og svo: 1:INT Innanhúss , valið 1-8, mismunandi hringingar 2:EXT Bæjarlína, valið 1-8, mismunandi hringingar  Nota má upp/niður á skífuhnapp til að ákvarða styrk. Stutt er á [Speaker] til að vista stillingar. 
Mic	Mic, hljóðnemi. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Í samtali er [Mic] hnappurinn notaður til að loka fyrir hljóðnemann. Þá blikkar ljósið á hnappnum.</li> <li>• Þegar síminn er ónotaður logar [Mic] ljósið til merkis um að hljóðneminn sé virkur, bæði ef hringt er handfrjálst og einnig ef kallað er í símann með kallkerfi. <i>(Þá er hægt að svara til baka án þess styðja á hnapp)</i></li> </ul>
Kallkerfi	Hægt er að kalla í síma, símanúmer er valið og stutt á [1] á eftir, þá verður kallkerfi virkt.